

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. mars 2023

Mál nr. 3991/2021:

Sjöstjarnan ehf.

(Konráð Jónsson lögmaður)

gegn

KPMG ehf.

(Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður)

1. Mál þetta, sem var tekið til dóms 15. febrúar 2022, er höfðað 16. júlí 2021 af Sjöstjörnunni ehf., Suðurlandsbraut 46 í Reykjavík, aðallega gegn KPMG ehf., [...]og til vara gegn Logos slf., [...].
2. Kröfum gegn varastefnda var vísað frá dómi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 2022 sem var staðfestur af Landsrétti 9. júní 2022 með úrskurði í máli nr. 252/2022. Beiðni stefnanda um kæruleyfi til Hæstaréttar var hafnað 6. september 2022. Með sama úrskurði Landsréttar var niðurstaða héraðsdóms um frávísun á seinni lið dómkrafna stefnanda gegn aðalstefnda KPMG ehf. staðfest að hluta, en að öðru leyti lagt fyrir héraðsdóm að taka kröfuna til úrlausnar.
3. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða honum 715.941.605 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 124.400.157 krónum frá 1. nóvember 2020 til 12. nóvember 2020, af 592.101.906 krónum frá þeim degi til 31. janúar 2021, af 715.941.605 krónum frá þeim degi „þar til 30 dagar eru liðnir frá stefnubirtingardegi“ en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sbr. III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til frádráttar koma 5.091.819 krónur sem voru greiddar með kreditreikningum útgefnum af Logos slf. þann 31. janúar 2021.
4. Stefnandi krefst þess einnig að viðurkennd verði skaðabótaábyrgð stefnda vegna tjóns sem stafaði af því að fasteignirnar Eyrarvegur 2, fnr. 227-0582, Selfossi, og Egilsstaðir, fnr. 231-4805 og 171697, Ölfusi, voru kyrrsettar með kyrrsetningargerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þann 19. júlí 2017, nr. K-41/2017.
5. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda KPMG ehf.
6. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik

7. Máltilbúnaður stefnanda er reistur á því að stefndi hafi valdið honum bótaskyldu tjóni. Með fyrri dómkröfu stefnanda er krafist greiðslu á tiltekinni fjárhæð úr hendi stefnda, en með síðari kröfunni er krafist viðurkenningar á skaðabótaábyrgð stefnda vegna tjóns sem stefnandi telur stafa af kyrrsetningu nánar tilgreindra fasteigna 19. júlí 2017.
8. Hinn 27. júní 2013 gerði fyrirtækjasvið stefnda samning við félagið Eggert Kristjánsson hf. og hluthafa þess. Í samningnum fólst að stefndi myndi aðstoða félagið og hluthafa þess vegna áhuga sem hafði komið fram á kaupum félagsins eða á sameiningu þess við annað félag. Á þessum grunni mun fyrirtækjasvið stefnda hafa unnið að því að aðstoða Eggert Kristjánsson hf. og hluthafa þess í viðræðum við áhugasama aðila.
9. Hinn 16. nóvember 2013 kom Hallgrímur Ingólfsson á fund fyrirtækjasviðs stefnda, en honum hafði verið falið að fara fyrir viðskiptunum af hálfu fyrirsvarsmanns stefnanda. Hann undirritaði trúnaðaryfirlýsingu þar sem meðal annars kom fram að eigendur Eggerts Kristjánssonar hf. hefðu ráðið stefnda til þess að veita þeim ráðgjöf við sölu á hlutafé félagsins. Tekið var fram að stefndi kæmi ekki fram sem fasteignasalali í skilningi þágildandi laga nr. 99/2004 eða gætti hagsmuna kaupanda og seljanda samkvæmt 15. gr. sömu laga. Samdægurs var útbúið kauptilboð með tilteknum fyrirvörum sem var sett fram í nafni Leitis eignarhaldsfélags ehf., sem mun vera móðurfélag stefnanda, og óstofnaðs einkahlutafélags í eigu Hallgríms. Tilboðið var samþykkt 17. nóvember 2013 og í kjölfar áreiðanleikakönnunar vildu kaupendur, sem þá voru orðnir þrír, ganga til kaupsamnings um allt hlutafé í Eggerti Kristjánssyni hf. Fyrirtækjasvið stefnda upplýsti að leitað yrði til sjálfstætt starfandi lögmanns sem gæti annast skjalagerð vegna viðskiptanna í samræmi við lög nr. 99/2004. Báðir aðilar féllust á tillögu um að Gunnar Thoroddsen lögmaður annaðist skjalagerðina og útbjó hann samning vegna kaupa á eignarhlutum í félaginu sem miðaðist við 1. janúar 2014. Viðskiptin voru tilkynnt Samkeppniseftirlitinu sem veitti 28. janúar 2014 heimild til þess að kaupsamningurinn yrði framkvæmdur.
10. Meðal eigna Eggerts Kristjánssonar hf. var fasteign að Skútuvogi 3 í Reykjavík. Hinn 29. desember 2013 undirrituðu Eggert Kristjánsson hf. og stefnandi samning um kaup hins síðarnefnda á fasteigninni fyrir 475.000.000 króna. Fram kom í samningnum að hann væri gerður í tengslum við fyrirhugaða sölu á hlutafé Eggerts Kristjánssonar hf. til Leitis eignarhaldsfélags ehf. og fleiri aðila. Fasteignasalinn Úlfar Davíðsson útbjó kaupsamninginn. Gögn málsins bera með sér að kaupsamningurinn hafi verið gerður í flýti vegna fyrirhugaðra breytinga á stimpilgjöldum. Kaupsamningnum var þinglýst 22. janúar 2014. Með leigusamningi 14. mars 2014 tók Eggert Kristjánsson hf. fasteignina á

leigu frá stefnanda til 15 ára. Upphaf leigutíma miðaðist við 1. október 2014 og nam leigufjárhæð 4.750.000 krónum á mánuði.

11. Það liggur fyrir að ekki kom til framkvæmdar kaupsamningsins, heldur var fasteigninni ráðstafað til stefnanda með öðrum hætti. Á stjórnarfundum 30. mars 2014 samþykktu stjórnir Eggerts Kristjánssonar hf. og stefnanda að skipta fyrrgreindu félagi í tvö félög á grundvelli 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 107. gr. a laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Fyrir lá skiptingaráætlun, dagsett sama dag, en samkvæmt skiptingunni yfirtók stefnandi fasteignina að Skútuvogi 3 miðað við 1. október 2013. Skyldi skiptingin leiða til þess að hluthafar í Eggerti Kristjánssyni hf. létu af hendi hluti að nafnvirði 9.983.255 krónur í félaginu en fengju sem endurgjald hluti í stefnanda að nafnvirði 641.573 krónur. Samkvæmt skiptingarefnahagsreikningi 30. september 2013 tók stefnandi yfir skuldir sem hvíldu á fasteigninni og aðrar skuldbindingar, samtals að fjárhæð 267.461.304 krónur, en þar af var tekjuskattsskuldbinding 32.461.304 krónur. Fasteignin var færð yfir á bókfærðu virði sem var 437.384.257 krónur.
12. Hannes Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi og starfsmaður stefnda, annaðist skjalagerð vegna skiptingar félagsins. Í skýrslu hans vegna skiptingarinnar, sem var unnin samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995, kom fram að endurgjald fyrir eignarhluta í hvoru félagi fyrir sig væri sanngjarnt og efnislega rökstutt með tilliti til fyrirbyggjandi gagna. Þá yrði ekki séð að skiptingin myndi rýra möguleika lánardrottna félaganna til fullnustu krafna sinna. Vakin var sérstök athygli á 3. mgr. 107. gr. a laga nr. 138/1994 og 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995 þar sem fram kemur að ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber þátttökufélagið óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar með nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju viðtökufélagi.
13. Skiptingaráætlunin var send fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra 30. apríl 2014 og birt í Lögbirtingablaði 16. maí sama ár. Á hluthafafundum félaganna 9. og 12. september 2014 var skiptingaráætlunin staðfest, þó með þeirri breytingu að fallið var frá fyrirhugaðri hækkun hlutafjár í Eggerti Kristjánssyni hf. Þar sem hlutafé félagsins varð við þetta undir lágmarki hlutafjár hlutafélaga samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 var ákveðið að breyta rekstrarformi þess í einkahlutafélag 12. september 2014. Nafni félagsins var síðar breytt í EK1923 ehf.
14. Bú EK1923 ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 7. september 2016. Með bréfi skiptastjóra þrotabúsins EK1923 ehf. 23. nóvember 2016 var stefnanda tilkynnt um riftun á ráðstöfun fasteignarinnar að Skútuvogi 3 samkvæmt skiptingaráætlun með vísan til þess aðallega að um gjafagerning hefði verið að ræða, sbr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skiptastjóri byggði á því að félagið hefði verið ógjaldfært þegar

áætlunin var staðfest og að mismunur á milli yfirtekis verðs fasteignarinnar og markaðsverðs hefði numið um 326.000.000 króna, en að heildarkrafa með vöxtum og kostnaði næmi um 367.000.000 króna. Skiptastjóri bauð stefnanda að ljúka málinu með greiðslu 287.388.531 krónu sem var samanlögð fjárhæð allra samþykktra krafna í búið. Stefnandi hafnaði kröfum skiptastjóra.

15. Protabú EK1923 ehf. höfðaði mál gegn stefnanda, sem var þingfest 30. mars 2017, og krafðist aðallega riftunar á kaupsamningi um fasteignina frá 29. desember 2013. Til vara var krafist riftunar á ráðstöfun fasteignarinnar með skiptingaráætlun frá 30. mars 2014 sem hefði verið staðfest á hluthafafundum 9. og 12. september 2014. Þess var jafnframt krafist að stefnda yrði gert að greiða tiltekna fjárhæð auk vaxta og dráttarvaxta.
16. Með kyrrsetningargerð nr. K-41/2017 sem lauk 19. júlí 2017 fór fram kyrrsetning til tryggingar á kröfu þrotabús EK1923 ehf. á hendur stefnanda vegna fasteignarinnar. Með kyrrsetningargerðinni voru kyrrsettar fasteignirnar Eyravegur 2 á Selfossi og Egilsstaðir í Ölfusi, sem voru í eigu stefnanda, sem og fasteignirnar Selbraut 86 á Seltjarnarnesi og Ósgerði í Ölfusi, í eigu fyrirsvarsmannsins stefnanda. Fyrirsvarsmaðurinn kveðst hafa boðið fram síðargreindu eignirnar til að forða því að fram færi árangurslaus kyrrsetning hjá stefnanda.
17. Með dómi Hæstaréttar 29. október 2020 í máli nr. 19/2020 var rift ráðstöfun fasteignarinnar að Skútuvogi 3 frá EK1923 ehf. til stefnanda með skiptingu Eggerts Kristjánssonar hf. í tvö félög sem staðfest var á hluthafafundum 9. og 12. september 2014, með vísan til þess að um gjöf hefði verið að ræða í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Talið var að ráðstöfunin hefði fyrst komið til framkvæmda þegar tilkynning barst ríkisskattstjóra 17. september 2014. Ekki var talið að stefnanda hefði lánast sönnun um að Eggert Kristjánsson hf. hefði verið gjaldfært þegar fasteignin var færð út úr félaginu með skiptingunni í september 2014. Lagt var til grundvallar mat dómkvadds matsmanns þess efnis að verðmæti fasteignarinnar hefði verið 570.489.644 krónur í september 2014 þegar hin riftanlega ráðstöfun kom til framkvæmda. Fallist var á endurgreiðslukröfu þrotabús EK1923 ehf. sem nam 303.028.340 krónum og svaraði til mismunar á framangreindu verðmæti fasteignarinnar og 267.461.304 króna yfirteknum skuldbindingum. Var sú fjárhæð talin nema eignaukningu stefnanda og samsvarandi rýrnun á eignum Eggerts Kristjánssonar hf. Samkvæmt þessu var stefnanda gert að greiða þrotabúi EK1923 ehf. 303.028.340 krónur með dráttarvöxtum frá 23. desember 2016, auk málskostnaðar. Jafnframt var kyrrsetning sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í fyrrgreindum fasteignum fyrir dæmdum kröfum staðfest.

18. Stefnandi óskaði eftir endurupptöku dóms Hæstaréttar með beiðni til Endurupptökudóms 18. desember 2020. Þar sem skiptum á þrotabúi EK1923 ehf. hafði verið lokið og þrotabúið naut ekki lengur aðildarhæfis var beiðninni vísað frá 25. júní 2021.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

19. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi lengi verið endurskoðandi hans og Eggerts Kristjánssonar hf. áður en fyrirtækið var selt og fasteigninni að Skútuvogi 3 ráðstafað. Fyrirtækið hafi verið í sölumeðferð hjá stefnda sem annaðist alla skjalagerð vegna viðskiptanna. Þá hafi stefndi annast undirbúning og skiptingu fasteignarinnar úr fyrirtækinu. Hafi stefndi haldið áfram að vinna að málefnum fyrirtækisins eftir að það var selt, svo sem með undirbúningi og framkvæmd skiptingar fasteignarinnar út úr fyrirtækinu.
20. Stefnandi telur að vinnubrögðum starfsmanna stefnda við skiptinguna hafi verið verulega ábótavant og að það hafi leitt til fjártjóns sem stefnda beri að bæta á grundvelli meginreglunnar um vinnuveitandaábyrgð.
21. Stefnandi telur að þágildandi lög nr. 99/2004 um sölu, fasteigna, fyrirtækja og skipa hafi gilt um störf stefnda. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laganna gildi ákvæði 27. gr. um skaðabótaábyrgð jafnframt um þá sem annast sölu fyrirtækja. Hafa beri í huga að vegna langvarandi starfa stefnda sem endurskoðandi stefnanda og Eggerts Kristjánssonar hf. hafi hagsmunir hans verið aðrir og meiri en hefðbundins fasteignasala. Stefndi hafi ekki gætt að hlutlægnisskyldu sinni og ekki starfað í samræmi við góðar viðskiptavenjur. Hann hafi ekki liðsinnt og gætt hagsmuna bæði kaupanda og seljanda eins og honum hafi borið að gera, sbr. 15. gr. laga nr. 99/2004. Hafi stefndi til að mynda ekki bent aðilum á þann möguleika að ráðstöfun fasteignarinnar að Skútuvogi 3 gæti talist riftanleg eða að hún rýrði gjaldfærni Eggerts Kristjánssonar hf.
22. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 19/2020 hafi verið brotið gegn ákvæðum XIV. kafla laga nr. 138/1994 með skiptingu fasteignarinnar út úr Eggerti Kristjánssyni hf. Ástæðan sé sú að ekki hafi verið miðað við rétt verð og gætt að því að bætt yrði að fullu fyrir fasteignina þegar hún var tekin út úr félaginu. Þessum lögskiptum hafi verið stýrt af endurskoðandanum Hannesi Ágústi Jóhannessyni og hafi hann unnið skiptingarátætlun fyrir bæði félögin. Ekki hafi verið getið mikilvægra upplýsinga í efnahags- og skiptingarreikningi sem endurskoðandi vann. Þá hafi endurskoðandinn lýst því yfir að skiptingin kæmi ekki til með að rýra verulega möguleika lánardrottna á fullnustu krafna í hvoru félagi um sig. Hæstiréttur hafi aftur á móti komist að öndverðri niðurstöðu með dómi í fyrrgreindu máli. Vegna vinnubragða endurskoðandans hafi kröfuhafar félaganna orðið af möguleikum sem lög nr. 138/1994

veiti lánardrottnum samrunafélaga til að tryggja kröfur sínar eða stöðva skiptingu. Byggt er á því að stefndi eða starfsmenn sem hann ber ábyrgð á hafi brotið gegn þágildandi lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og góðum viðskiptavenjum og starfsháttum sem endurskoðandi, fyrirtækjasali og fasteignasali.

23. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi á öllum stigum ferlisins staðið óforsvaranlega að verki og þar með bakað sér bótaskyldu. Stefnandi hafi treyst á faglega þjónustu stefnda og ekki hreyft athugasemdum við verðmatið á fasteigninni eða við þá aðferð sem var notuð til að færa fasteignina til stefnanda. Stefnda hafi verið skylt að upplýsa stefnanda um að skipting fasteignarinnar úr Eggerti Kristjánssyni hf. myndi hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Þá hafi stefnda borið að ráða stefnanda frá því að framkvæma skiptinguna vegna fyrirliggjandi upplýsinga um stöðu Eggerts Kristjánssonar hf. í árslok 2013 sem báru með sér að eigið fé félagsins væri uppurið. Jafnframt hafi sú aðferð sem stefndi lagði til og fólst í því að hlutir í stefnanda voru afhentir hluthöfum Eggerts Kristjánssonar hf. sem hluti af greiðslu fyrir fasteignina ekki verið í samræmi við lög nr. 2/1995. Þetta megi sjá af dómi Hæstiréttur þar sem afhending hlutanna hafi ekki verið talin greiðsla sem Eggert Kristjánsson hf. naut góðs af á móti ráðstöfun fasteignarinnar til stefnanda. Skiptingaráætlunin sem hafi verið reist á því að eignir færu jafnt á milli félaganna tveggja hafi því orðið markleysa með dómi Hæstaréttar.
24. Stefnandi vísar til þess að með skiptingunni hafi eigið fé sem nam 169.922.953 krónum verið fært úr Eggerti Kristjánssyni hf. yfir í stefnanda. Þessi lækkun hafi verið framkvæmd að upplagi Hannesar Ágústs, starfsmanns stefnda, og verið talin í lagi þar sem starfsmaðurinn taldi rekstraráætlanir Eggerts Kristjánssonar hf. fyrir árið 2014 líta vel út. Aftur á móti hafi starfsmanninum átt að vera ljóst að þessi ráðstöfun myndi leiða til þess að félagið teldist ógjaldfært, en það hafi verið ein af forsendum niðurstöðu Hæstaréttar um að ráðstöfun fasteignarinnar teldist riftanleg. Þá hafi útfærslan þar sem allt eigið fé var tekið úr Eggerti Kristjánssyni hf. ekki verið nauðsynleg þar sem kaup stefnanda á fasteigninni voru fullfjármögnuð af Íslandsbanka.
25. Stefnandi leggur áherslu á að sú háttsemi stefnda að búa svo um hnútana að ráðstöfun fasteignarinnar yrði framkvæmd með þeim hætti sem gert var hafi brotið gegn 2. mgr. 16. gr. laga nr. 99/2004. Samkvæmt ákvæðinu skuli öll skjalagerð og samningsgerð fasteignasala og þess sem annast sölu fyrirtækja vera vönduð og svo úr garði gerð að hagsmunir bæði seljanda og kaupanda séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig glögg, sbr. 4. mgr. 1. gr. sömu laga. Jafnframt hafi stefnda sem fyrirtækjasala borið að upplýsa stefnanda um allt sem skipti máli að því er varðaði málefni félagsins, sbr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 99/2004.
26. Stefnandi vísar til þess að starfsmenn stefnda hafi frá upphafi leynt hann mikilsverðum upplýsingum, virt að vettugi ákvæði laga og beinlínis unnið gegn hagsmunum hans. Eigi

það bæði við um söluna á Eggerti Kristjánssyni hf. og skiptingu fasteignarinnar úr félaginu. Stefndi hafi vitað að stefnandi treysti leiðsögn hans við hagsmunagæslu en það traust hafi verið misnotað. Hert sakarmat og sérfræðiábyrgð stefnda fái meðal annars stoð í 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 79/2008 og í 15. gr. laga nr. 99/2004.

27. Verði ekki talið að lög nr. 99/2004 eigi við í málinu byggir stefnandi á sakarreglu skaðabótaréttar. Horfa beri til sérfræðiábyrgðar stefnda og gera strangari kröfur til aðgæslu og vandvirkni starfsmanna hans en almennt leiðir af sakarreglunni. Stefndi hafi látið sér í léttu rúmi liggja hverjar endanlegar afleiðingar af ráðstöfun fasteignarinnar kynnu að verða fyrir stefnanda og hvorki gert reka að því að tryggja hagsmuni hans fyrir né eftir skiptingu. Við mat á ábyrgð stefnda verði að horfa til aðstöðumunar aðila og þeirrar sérfræðipækkingar sem framkvæmdin útheimti.
28. Stefnandi vísar til þess að hann hafi orðið fyrir tjóni þar sem hann hafi verið dæmdur til að greiða þrotabúi EK1923 ehf. mismun á andvirði fasteignarinnar að Skútuvogi 3 samkvæmt verðmati dómkvadds matsmanns og bókfærðu virði eignarinnar ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Stefnandi hafi í reynd þurft að greiða tvisvar fyrir sömu eignina, fyrst með afhendingu hluta í félaginu og svo með peningagreiðslu samkvæmt dómi Hæstaréttar. Krafið sé 467.701.749 króna vegna þeirrar fjárhæðar sem stefnanda var gert að greiða samkvæmt dómi Hæstaréttar, auk dráttarvaxta og lögmannskostnaðar. Þá hafi stefnandi þurft að greiða Logos slf. samtals 123.839.699 krónur á árunum 2017 til 2021 vegna vinnu í tengslum við málið og beri stefnda að standa skil á þeirri fjárhæð. Jafnframt hafi stefnandi þurft að greiða fyrirsvarsmanni félagsins þóknun vegna kyrrsetningar á fasteignum hans til tryggingar á kröfu þrotabúsins á hendur stefnanda. Greiðslur sem ætlað var að halda fyrirsvarsmanninum skaðlausum hafi numið 124.400.157 krónum og sé um að ræða tjón sem stefnda beri að bæta. Fjárfrafa stefnanda er nánar sundurliðuð og útskýrð í stefnu.
29. Krafa stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaábyrgð er reist á því að móðurfélag stefnanda, Leiti eignarhaldsfélag ehf., hafi ekki getað tekið þátt í hlutafjárukningum Laxa fiskeldis ehf. þar sem ekki hafi verið unnt að veðsetja fasteignir stefnanda og tryggja fjármögnun sökum fyrrgreindrar kyrrsetningar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Stefnandi hafi fengið framselda skaðabótakröfu Leitis eignarhaldsfélags ehf. vegna tjóns sem leiði af því að félagið gat ekki tekið þátt í umræddum hlutafjárhækkunum. Byggt er á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð vegna þessa þar sem kyrrsetningin verði rakin til saknæmrar háttsemi hans.
30. Stefnandi mótmælir því sérstaklega að krafa hans sé fyrnd. Um sé að ræða skaðabótakröfu og hafi dómur Hæstaréttar verið kveðinn upp 29. október 2020. Þá hafi stefnandi fyrst fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt og fyrningarfrestur byrjað að líða, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

31. Stefndi telur að sýkna beri hann af kröfum stefnanda. Ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á og sé málatilbúnaður stefnanda óskýr að þessu leyti. Stefnandi virðist telja að það hafi fallið í hlut stefnda að tryggja að ráðstöfun fasteignarinnar að Skútuvogi 3 til stefnanda yrði ekki talin riftanleg sem gjafagerningur. Hafi stefndi þannig átt að tryggja að stefnandi greiddi fullt markaðsverð fyrir fasteignina. Þá virðist byggt á því að hefði stefnandi fengið upplýsingar um að krafa um riftun kynni að verða sett fram hefði hann kosið að greiða þá þegar markaðsverð fyrir fasteignina.
32. Stefndi leggur áherslu á að sala á hlutum í Eggerti Kristjánssyni hf. og skipting félagsins hafi verið aðgreind lögskipti. Stefndi hafi í hvorugu tilviki gegnt hlutverki fasteignasala í skilningi þágildandi laga nr. 99/2004. Það sé jafnframt rangt að Hannes Ágúst hafi verið endurskoðandi Eggerts Kristjánssonar hf. til margra ára og gegnt afgerandi hlutverki við sölu á félaginu.
33. Stefndi byggir á því að hann geti ekki borið ábyrgð á því að stefnandi hafi verið dæmdur til að endurgreiða auðgun sína vegna riftanlegrar ráðstöfunar. Þá sé ekki orsakasamband á milli hinnar meintu saknæmu háttsemi stefnda og meints tjóns stefnanda. Hafa verði í huga að jafnvel þó að fallist yrði á að starfsmanni stefnda hafi borið að upplýsa stefnanda um áhættu tengda mögulegri riftunarkröfu hafi stefnandi í öllu falli fengið slíka aðvörun um tveimur árum síðar þegar riftunarkrafa skiptastjóra þrotabús EK1923 ehf. var sett fram. Stefnandi hafi án aðkomu stefnda ákveðið að hafna kröfu um að hann greiddi þrotabúinu mismun á ætluðu markaðsverði og yfirtökuverði fasteignarinnar. Hafi stefnandi getað komist undan áhættu af mögulegum málarekstri með tilheyrandi kostnaði en kosið að gera það ekki.
34. Stefndi mótmælir því að vinnubrögðum við skiptinguna hafi verið ábótavant. Það hafi verið niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 19/2020 að skiptingin hafi verið gild að lögum og hafi málatilbúnaður stefnanda jafnframt verið reistur á því. Það hafi alfarið verið ákvörðun hluthafa félaganna með hvaða hætti þeim var skipt upp og hafi hluthafar ekki gert athugasemd við skiptinguna. Þá sé stefnandi bundinn af málatilbúnaði sínum í því máli sem lauk með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar.
35. Því er mótmælt að stefnda hafi borið að vara stefnanda við því að fyrirhuguð skipting Eggerts Kristjánssonar hf. gæti leitt til þess að fram kæmi riftunarkrafa á grundvelli laga nr. 21/1991. Það hafi ekki verið hlutverk stefnda að veita óumbeðna ráðgjöf um mögulegar afleiðingar gjaldþrots félagsins sem hafi á þeim tíma verið ófyrirséð. Þá horfi stefnandi fram hjá því að honum stóð til boða að komast hjá deilum um riftun með því

að leiðréttu verð fasteignarinnar í samræmi við tilboð skiptastjóra. Það sé afar ótrúverðugt að hefði stefnanda verið veitt ráðgjöf í mars 2014 um mögulega riftunaráhættu eða um að hækka bæri kaupverðið þá hefði hann gert það.

36. Því er mótmælt sem röngu að með skiptingu á Eggerti Kristjánssyni hf. hafi verið brotið gegn lögum nr. 138/1994. Áréttað er að með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar hafi þvert á móti verið gengið út frá því að skiptingin hafi verið lögmæt og að með henni hafi stefnandi orðið eigandi að fasteigninni. Þá haldi stefnandi því fram að ekki hafi verið getið mikilvægra upplýsinga í efnahags- og skiptingarreikningi sem endurskoðandinn Hannes Ágúst hafi unnið, en tilgreini þó ekki þær upplýsingar sem hafi vantað. Því er að sama skapi mótmælt að yfirlýsing endurskoðandans í skiptingaráætlun 30. mars 2014, um að skiptingin muni að hans mati ekki rýra möguleika lánardrottna félagsins til að ná fullnustu krafna sinna, stangist á við niðurstöðu Hæstaréttar. Það sé ljóst af dómi Hæstaréttar að mat á gjaldfærni félags í skilningi gjaldþrotalaga sé ekki sama og mat endurskoðanda samkvæmt 5. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995. Skipti til dæmis miklu máli að lánardrottinn eiga kröfur á útskipt félög samkvæmt 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995 og sé því staða lánardrottna allt önnur en staða félagsins sjálfs. Þá hafi mat á ógjaldfærni félagsins miðast við september 2014 í dómi Hæstaréttar, en yfirlýsing endurskoðandans miðist við mars 2014. Á þeim sex mánuðum sem um ræðir hafi meðal annars komið í ljós að áætlanir nýrra eigenda um rekstur félagsins gengu ekki eftir. Þá hafi í dómi Hæstaréttar verið byggt á því að stefnanda hafi ekki lánast að sanna staðhæfingu sína um að félagið hafi verið gjaldfært í september 2014. Í beiðni stefnanda um endurupptöku á dómi Hæstaréttar hafi því verið haldið fram að ný gögn og upplýsingar sanni að félagið hafi verið gjaldfært. Málalíbúnaður stefnanda sé ósamrýmanlegur og sé hann bundinn við yfirlýsingar um málavexti fyrir Endurupptökudómi, sbr. 45. gr. laga nr. 91/1991.
37. Stefndi vísar til þess að hann hafi ekki unnið verðmat á fasteigninni eða haft skoðun á verðmæti hennar. Fyrirsvarsaður stefnanda og meðfjárfestar hans í Eggerti Kristjánssyni hf. hafi metið virði fasteignarinnar og meðal annars aflað verðmats fasteignasala í tengslum við undirbúning kaupanna. Stefndi hafi ekki séð þetta verðmat fyrir en eftir málshöfðun þrotabús EK1923 ehf. gegn stefnanda. Það sé ljóst að fyrirsvarsaður stefnanda og meðfjárfestar hafi haft fulla vitneskju um verðmæti fasteignarinnar, sem og að þeir hafi samið sín á milli um hvernig skipta ætti eignum og skuldum hins nýkeypta félags. Hluthafar hafi undirbúið þessa samninga og ákveðið að í hlut stefnanda skyldi koma hin umdeilda fasteign. Hafa verði hugfast að ekki hafi skipt máli við mat Hæstaréttar á því hvort um gjafagerning hefði verið að ræða hvernig hluthafarnir höguðu skiptingu hlutafjár félaganna, heldur hafi verið litið til endurgjalds stefnanda fyrir fasteign Eggerts Kristjánssonar hf.

38. Stefndi mótmælir staðhæfingu um að starfsmenn hans hafi tekið ákvörðun um lækkun á eigin fé Eggerts Kristjánssonar hf. eða um það hvaða skuldir skyldu fylgja eigninni við skiptingu. Áréttað er að hluthafarnir hafi ákveðið hvernig skiptingunni skyldi háttáð. Hlutverk stefnda hafi verið að stilla upp skiptireikningi í samræmi við vilja hluthafanna og samkomulag. Þá hafi skipting á eignum og skuldum tekið mið af áætlunum hluthafanna um rekstur félagsins og afkomu. Þegar síðar kom í ljós að rekstraráætlun nýrra hluthafa gekk ekki eftir hafi það fallið í hlut þeirra að bregðast við, en samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi aðgerðir þeirra ekki nægt til að sýna fram á að félagið hefði verið gjaldfært í september 2014. Tilraunir stefnanda til að gera stefnda ábyrgan fyrir ófullnægjandi aðgerðum hluthafanna séu haldlausar.
39. Stefndi minnir á að stefnandi tókst á hendur skuldbindingu gagnvart kröfuhöfum félagsins samkvæmt 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995. Stefnanda hafi því borið að bregðast við þegar í ljós kom að rekstraráætlun sem hluthafar miðuðu skiptingu eigna og skulda við gekk ekki eftir. Það hafi ekki verið gert og hafi bú Eggerts Kristjánssonar hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta. Bent er á að stefnandi hafi selt fasteignina í október 2015 með 403.000.000 króna hagnaði og hafi honum verið í lófa lagið að nýta þá fjármuni til að styðja betur við félagið og koma í veg fyrir gjaldþrotaskipti eða gera upp við kröfuhafa.
40. Lögð er áhersla á að með dómi Hæstaréttar hafi því verið slegið föstu að stefnandi hafi vitað að endurgjaldið fyrir fasteignina var lægra en markaðsvirði hennar og beri að miða við það, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Geti stefnandi því ekki byggt á því að starfsmaður stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar hann útfærði skiptingargögn í samræmi við lög og óskir hluthafa. Enn síður geti stefnandi gert kröfu um að stefndi greiði honum þá óréttmætu auðgun sem honum hlotnaðist með ráðstöfuninni, enda sé ekki um að ræða tjón í lagalegu tilliti. Þá verði aðrar kröfur stefnanda eingöngu raktar til háttsemi hans sjálfs og beri stefndi ekki ábyrgð á meintu afleiddu tjóni.
41. Stefndi tekur fram að það séu engin tengsl á milli skiptingar á félaginu og kyrrsetningar á eignum stefnanda sem fór fram til að tryggja kröfur þrotabús EK1923 ehf. Fallist hafi verið á kyrrsetningu umræddra eigna þar sem stefnandi hafi veðsett allar eignir félagsins í maí 2017 eða stuttu eftir málshöfðun þrotabúsins. Þá verði ekki séð að nauðsynlegt hafi verið að benda á eignir fyrirsvarsmanns stefnanda, enda haldi stefnandi því sjálfur fram að eignir hans hafi numið mun hærri fjárhæð en þær kröfur sem kyrrsetningin fór fram vegna.
42. Stefndi byggir á því að kröfur stefnanda séu hvað sem öðru líður fyrndar. Mála-tilbúnaður stefnanda sé reistur á því að stefndi hafi ekki gætt hagsmuna hans nægilega við gerð skiptingaráætlunar í mars 2014. Krafa um skaðabætur vegna ráðningarsambands endurskoðanda og viðskiptavinar lúti reglum um skaðabætur innan samninga.

Slík krafa fyrir á fjórum árum frá því að ráðgjöf átti sér stað, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 150/2007. Krafa um bætur vegna tjóns sem stefnandi telur að rekja megi til ráðgjafar stefnda við gerð samrunaáætlunar 30. mars 2014 hafi því fyrnst 30. mars 2018. Krafa stefnanda sem er reist á sakarreglunni fyrir samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 eða fjórum árum eftir að stefnandi bjó yfir þeim upplýsingum sem honum voru nauðsynlegar til að rjúfa fyrningu. Í stefnu byggir stefnandi á því að hann hafi í síðasta lagi við þingfestingu héraðsdómsstefnu í því máli sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 19/2020 hinn 30. mars 2017 búið yfir nægilegum upplýsingum til að fyrningarfestur hæfist. Verði ekki byggt á öðru við úrlausn máls þessa, sbr. 45. gr. laga nr. 91/1991.

43. Því er mótmælt að stefnandi geti krafist skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis auðgunar af riftanlegri ráðstöfun. Þá er áréttað að samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi fyrirvarsmáður stefnanda haft vitneskju um verðmæti fasteignarinnar og gjafatilgangur ráðstöfunarinnar verið augljós, en leggja verði það til grundvallar sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Byggt er á því að stefndi beri ekki skaðabótaábyrgð á greiðslum stefnanda til Logos slf., en í þeim efnum er meðal annars bent á að lögmannsstofan hafi unnið að ýmsum málum fyrir stefnanda og hafi ekki verið sýnt fram á að greiðslurnar verði raktar til þess dómsmáls sem þrotabú EK1923 ehf. höfðaði. Kröfu vegna þóknunar til fyrirvarsmanns stefnanda er jafnframt mótmælt, enda geti samningur sem fyrirvarsmáður geri við félagið ekki verið grundvöllur bótakröfu og hafi ekki verið sýnt fram á að greiðslan hafi í reynd verið innt af hendi. Kröfu um viðurkenningu á bótaábyrgð vegna meints tjóns Leitis eignarhaldsfélags ehf. er að sama skapi mótmælt og meðal annars vísað til þess að ekki hafi verið rökstutt á hvaða grunni stefndi geti borið ábyrgð í þessum efnum. Í greinargerð stefnda eru færð frekari rök gegn einstökum liðum dómkrafna stefnanda.

IV

Niðurstaða

44. Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á því að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni sem rakið verði til saknæmrar háttsemi í tengslum við skiptingu fasteignarinnar Skútuvogs 3 úr Eggerti Kristjánssyni hf. samkvæmt skiptingaráætlun frá 30. mars 2014 sem var staðfest á hluthafafundum 9. og 12. september 2014. Eins og áður greinir á málsóknin rætur að rekja til dóms Hæstaréttar í máli nr. 19/2020 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ráðstöfun fasteignarinnar hefði falið í sér gjafagering í skilningi 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Var riftunarkrafa þrotabús EK1923 ehf. tekin til greina og stefnanda gert að greiða þrotabúinu fjárhæð sem nam eignaaukningu hans og samsvarandi rýrnun á eignum Eggerts Kristjánssonar hf. Með dóminum var jafnframt staðfest kyrrsetning sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 19. júlí 2017 í nánar tilgreindum fasteignum stefnanda og fyrirvarsmanns hans.

45. Það liggur fyrir að endurskoðandinn Hannes Ágúst Jóhannesson, starfsmaður stefnda, veitti ráðgjöf í tengslum við skiptingu fasteignarinnar að Skútuvogi 3 úr Eggerti Kristjánssyni hf. og annaðist skjalagerð vegna þessa. Ráðið verður af gögnum málsins og skýrslutökum fyrir dómi að kaupendur Eggerts Kristjánssonar hf. hafi frá upphafi haft hug á því að áfram yrði rekin heildsöluverslun undir merkjum félagsins, en að fasteignin yrði í eigu stefnanda sem stundar leigustarfsemi. Þannig var í fyrstu ætlunin að stefnandi keypti fasteignina fyrir 475.000.000 króna samkvæmt kaupsamningi frá 29. desember 2013, en samningurinn kom ekki til framkvæmda svo sem nánar er rakið í dómi Hæstaréttar í máli nr. 19/2020. Fram kom í skýrslu endurskoðandans Hannesar Ágústs fyrir dómi að hann hefði bent kaupendum Eggerts Kristjánssonar hf. á að það kynni að vera hagkvæmara að færa fasteignina til stefnanda með skiptingu á félaginu og er ágreiningslaust að sú leið var farin.
46. Ákvörðun um skiptingu á hlutafélagi eða einkahlutafélagi er tekin af hluthöfum félagsins á hluthafafundi með tilteknum fjölda atkvæða, sbr. 133. gr. laga nr. 2/1995 og 1. mgr. 107. gr. a laga nr. 138/1994. Það er rakið í 2. mgr. ákvæðanna að í skiptingaráætlun skuli vera nákvæm lýsing á eignum og skuldum sem skal yfirfæra og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Þá skuli greina frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar til hluthafa félagsins, sem skipt er, á hlutum í viðtökufélögum endurgjaldsins. Jafnframt skal í greinargerð félagsstjórna lýsa þeirri aðferð sem liggur til grundvallar úthlutun á hlutum. Tekið er fram að stjórn eða framkvæmdastjóri félags, sem skipt er, skuli skýra hluthafafundi félagsins frá öllum umtalsverðum breytingum sem átt hafa sér stað á eignum og skuldum félagsins frá því að skiptingaráætlun var samín og þar til haldinn er hluthafafundur þar sem ákvörðun um áætlunina er tekin, sem og stjórn eða framkvæmdastjóra viðtökufélaga. Fjallað er nánar um skiptingaráætlun og greinargerð stjórnar í lögum nr. 2/1995, sbr. 120. og 121. gr., og lögum nr. 138/1994, sbr. 95. og 96. gr.
47. Þessu til samræmis samþykktu stjórnir Eggerts Kristjánssonar hf. og stefnanda á stjórnarfundum 30. mars 2014 að leggja fyrir hluthafafund tillögu um að skipta fyrrgreinda félaginu í tvö félög á grundvelli 133. gr. laga nr. 2/1995 og 107. gr. a laga nr. 138/1994 þannig að stefnandi tæki yfir fasteignina að Skútuvogi 3. Fram kom í skiptingaráætlun að skiptingin leiddi til þess að hluthafar í Eggerti Kristjánssyni hf. létu af hendi tiltekna hluti í félaginu en fengju sem endurgjald nánar tilgreinda hluti í stefnanda. Við mat á eignum samkvæmt 3. gr. væri miðað við árshlutareikning fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013, drög að skiptingarefnahagsreikningi og önnur fyrirbyggjandi gögn. Í greinargerð stjórnar Eggerts Kristjánssonar hf. frá sama degi kom meðal annars fram að tilgangurinn með skiptingunni væri að skilja á milli eignarhalds á fasteign félagsins og rekstrar þess til að ná fram betri ávöxtun eigin fjár. Samkvæmt skiptingarefnahagsreikningi, sem miðaðist við 30. september 2013, var fasteignin færð

yfir á bókfærðu virði sem nam 437.384.257 krónum. Þá tók stefnandi yfir skuldir sem hvíldu á fasteigninni og aðrar skuldbindingar sem námu samtals 267.461.304 krónum. Fram kom að eigið fé Eggerts Kristjánssonar hf. lækkaði úr 195.466.832 krónum í 25.543.879 krónur eftir skiptinguna.

48. Í skýrslu endurskoðandans Hannesar Ágústs vegna skiptingarinnar, sem var unnin samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 og 97. gr. laga nr. 138/1994, var tekið fram að stjórnir félaganna hefðu lagt til skiptingu Eggerts Kristjánssonar hf. þar sem stefnandi tæki yfir fyrrgreinda fasteign. Gerð var grein fyrir endurgjaldi til hluthafa í Eggerti Kristjánssyni hf. sem fólst í hlutum í stefnanda. Þá var gerð grein fyrir breytingum á hlutafé beggja félaga við skiptinguna. Tekið var fram að við mat á eignum og skuldum væri miðað við upplýsingar úr árshlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013. Vísað var til þess að drög að skiptingarefnahagsreikningi sýndu allar breytingar sem talið væri að skiptingin hefði í för með sér. Stefnandi tæki við öllum tekjum og greiddi öll gjöld vegna þeirrar eignar sem tekið væri við frá skiptingardeggi. Telja yrði að endurgjald fyrir eignarhluta í hvoru félagi fyrir sig væri sanngjarnt og efnislega rökstutt að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna. Þá sagði að ekki yrði séð að skipting Eggerts Kristjánssonar hf. rýrði möguleika lánardrottna félaganna á fullnustu krafna sinna. Sérstök athygli var vakin á 3. mgr. 107. gr. a laga nr. 138/1994 og 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995 þar sem fram kemur að fái kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingu, ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi beri þátttökufélagið óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar með nánar tilgreindum takmörkunum.
49. Skiptingaráætlunin var staðfest á hluthafafundum félaganna 9. og 12. september 2014, þó með þeirri breytingu að fallið var frá fyrirhugaðri hækkun hlutafjár í Eggerti Kristjánssyni hf. Þá fyrst öðlaðist þessi ráðstöfun fasteignarinnar fullt gildi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 19/2020.
50. Við mat á því hvort fyrrgreindur endurskoðandi hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi verður að líta til þess að ráðgjöf hans og vinnu í tengslum við skiptinguna lauk 30. mars 2014. Gat endurskoðandinn eðli málsins samkvæmt eingöngu tekið mið af þeim upplýsingum sem lágu fyrir á því tímamarki, þar með talið um fjárhagslega stöðu Eggerts Kristjánssonar hf. Ekki verður fallist á að endurskoðandinn hafi borið skyldur sem fasteignasali við þá vinnu sem hér er til skoðunar, en ekki var um að ræða milligöngu um sölu fyrirtækis í skilningi 4. mgr., sbr. 1. mgr. 1. gr., þágildandi laga nr. 99/2004, heldur skiptingu félags samkvæmt lögum nr. 2/1995. Við mat á ábyrgð stefnda verður litið til sakarreglunnar og þeirra ríku krafna sem gera má til vandaðra vinnubragða endurskoðenda í ljósi þeirrar sérfræðiráðgjafar sem þeir veita, sbr. til hliðsjónar

8. gr. laga nr. 79/2008 sem voru í gildi á þeim tíma sem um ræðir og sjónarmið um sérfræðiábyrgð.

51. Ráðgjöf stefnda þess efnis að unnt væri að skipta félaginu Eggerti Kristjánssyni hf. í því skyni að flytja fasteignina til stefnanda fremur en að eignayfirfærsla ætti sér stað með kaupsamningi á sér stoð í lögum nr. 2/1995 og lögum nr. 138/1994. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að umrædd ráðgjöf hafi verið í ósamræmi við þau vinnubrögð sem endurskoðendum ber að viðhafa að virtum þeim upplýsingum sem lágu fyrir. Hafa verður í huga að ákvörðun um að leggja til skiptinguna var tekin af stjórn félaganna og kom skiptingin ekki til framkvæmda fyrr en staðfesting hluthafafunda lá fyrir. Það var að sama skapi háð ákvörðun hluthafa viðkomandi félaga, sem samþykktu skiptinguna, að hvaða marki eignir og skuldir skyldu færðar yfir til stefnanda ásamt samsvarandi hlutdeild í eigin fé viðkomandi félaga. Það verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda að stefndi hafi ákveðið að hvaða marki eigið fé Eggerts Kristjánssonar hf. myndi lækka við skiptinguna eða hvaða skuldir skyldu fylgja fasteigninni. Í samræmi við tíðkanleg vinnubrögð endurskoðenda vann stefndi drög að skjölum vegna skiptingarinnar sem tóku mið af hugmyndum hluthafa félaganna og þeim lagaákvæðum sem við áttu. Þessi verkaskipting fær meðal annars stoð í tölvupósti sem endurskoðandinn sendi eigendum Eggerts Kristjánssonar hf. 3. mars 2014. Tölvupóstinum fylgdu drög að skiptingarefnahagsreikningi og önnur gögn sem tengdust skiptingunni og það endurskoðandinn viðtakendur um að láta vita „ef eitthvað er óljóst, er rangt munað eða hefur gleymst í upptalningunni“.
52. Að mati dómsins, sem er skipaður sérfróðum meðdómsmanni, bendir ekkert til þess að vinnubrögð stefnda í tengslum við ráðgjöf og skjöl vegna skiptingarinnar hafi verið í ósamræmi við þær reglur sem giltu, skyldur endurskoðenda eða tíðkanlega starfshætti. Hefur stefnandi þannig ekki fært haldbær rök fyrir því að ágallar hafi verið á skiptingarátlan, skiptingarefnahagsreikningi eða öðrum gögnum sem stefndi vann að. Verður því lagt til grundvallar að umrædd gögn hafi tekið mið af þeim upplýsingum sem lágu fyrir, sem og vilja hluthafa fyrirtækjanna um hvernig skiptingunni skyldi hagað. Þá verður ekki ráðið af dómi Hæstaréttar í máli nr. 19/2020 að skipting Eggerts Kristjánssonar hf. hafi verið andstæð lögum nr. 138/1994 eins og stefnandi heldur fram.
53. Líta verður til þess að þegar stefndi vann þau gögn sem lágu til grundvallar skiptingunni í mars 2014 var ætlun kaupenda Eggerts Kristjánssonar hf. að halda áfram rekstri félagsins og lágu fyrir rekstrarátlanir nýrra eigenda, svo sem meðal annars var staðfest í skýrslu Hallgríms Ingólfssonar fyrir dómi. Það verður með engu móti fallist á að stefndi hafi mátt ætla að félagið yrði síðar ógjaldfært og að það kynni að koma til þess að krafist yrði riftunar á umræddri ráðstöfun. Röksemdum um að stefnda hafi borið að vara stefnanda við áhættu í þessum efnum verður því hafnað. Þá verður ekki fallist á að

það hafi verið sagnæmt af hálfu endurskoðandans að taka fram í skýrslu sinni frá 30. mars 2014 að skiptingin kæmi ekki til með að rýra verulega möguleika lánardrottna á fullnustu krafna í hvoru félagi fyrir sig. Ekki verður annað séð en að yfirlýsingin hafi verið í samræmi við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma, auk þess sem vísað var til ábyrgðar þátttökufélaga í skiptingunni gagnvart kröfuhöfum samkvæmt 3. mgr. 107. gr. a nr. 138/1994 og 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995. Þá skal tekið fram að mat endurskoðandans samkvæmt 5. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 er ekki sama eðlis og mat á gjaldfærni félagsins samkvæmt lögum nr. 21/1991 sem miðast við september 2014.

54. Stefnandi hefur jafnframt byggt á því að stefndi hafi komið að því að meta verðmæti fasteignarinnar og hafi borið að upplýsa stefnanda um neikvæð áhrif skiptingarinnar á rekstur Eggerts Kristjánssonar hf. Gögn málsins bera ekki með sér að stefndi hafi komið að verðmati á fasteigninni sem kaupendur Eggerts Kristjánssonar hf. létu vinna í desember 2013. Þá bar endurskoðandanum að færa bókfært virði fasteignarinnar í skiptingarefnahagsreikning eins og gert var, sbr. 52. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt þar sem mælt er fyrir um að við skiptingu hlutafélags skuli eignir og skuldir yfirfærast á bókfærðu verði. Þá gaf augaleið við lestur skiptingarefnahagsreiknings að eigið fé síðastgreinds félags lækkaði umtalsvert og hlýtur það að hafa verið ljóst fyrirvarsmönnum félaganna sem höfðu umtalsverða reynslu af viðskiptum. Jafnframt stóð til að halda rekstri félagsins áfram á þeim tíma sem um ræðir og hefur áður verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnda hafi ekki borið að sjá síðari ógjaldfærni fyrir. Að framangreindu virtu verður ekki fallist á að stefndi hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi þar sem hann réð stefnanda ekki frá ráðstöfuninni vegna fjárhagsstöðu Eggerts Kristjánssonar hf. Aðrar röksemdir sem stefnandi hefur teft fram renna að mati dómsins ekki stoðum undir málalíbúnað hans að þessu leyti.
55. Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn ekki hafa verið sýnt fram á að fyrrgreindur endurskoðandi eða starfsmenn stefnda hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi í tengslum við skiptingu Eggerts Kristjánssonar hf. og ráðstöfun fyrrgreindrar fasteignar. Það er grunnskilyrði þess að bótaábyrgð stefnda geti komið til álita og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfum stefnanda.
56. Að þessu virtu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir að teknu tilliti til umfangs málsins hæfilega ákveðinn 2.000.000 króna.
57. Dóm þennan kveður upp Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari ásamt Þorsteini Magnússyni héraðsdómara og Eymundi Sveini Einarssyni, löggiltum endurskoðanda.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, KPMG ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Sjöstjórnunnar ehf.
Stefnandi greiði stefnda 2.000.000 króna í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir

Þorsteinn Magnússon

Eymundur Sveinn Einarsson